



Samanburður á umhverfisstjórnun veg- og gatnagerðar á Norðurlöndunum




Vegagerðir/samgöngustofnanir Íslands, Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands og borgirnar Reykjavík, Stavanger Jönköping og Lahti tóku þátt í skoðanakönnun um umhverfisstjórnun.



Í Finnlandi og á Íslandi eru flestir einkabílar per íbúa, en færstir í Danmörku.



Þjóðvegir eru í umsjá vegagerðarstofnana. Vegagerðin á Íslandi og Trafíkverket í Finnlandi hafa umsjón með meirihluta vegakerfisins í sínu landi.




Losun CO₂ frá umferð á vegum á Norðurlöndunum.

Íslandsdeild umhverfisnefndar Norræna vegasambandsins (NVF) gerði skoðanakönnun haustið 2011 en tilgangur hennar var að greina stöðu umhverfisstjórnunar hjá norrænu vegagerðunum og hjá norrænum borgum með 90-170 þúsund íbúa. Vegagerðin og Reykjavíkurborg hafa unnið að innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis í samræmi við ISO14001 staðalinn undanfarin ár og höfðu áhuga á að hafa meiri vitneskju um stöðu sína miðað við aðrar samgöngustofnanir og borgir á Norðurlöndunum.


Spurningalistar voru sendir til vegagerðastofnana Norðurlandanna og til sveitarfélaga með svipaðan íbúafjölda og Reykjavík.

Allar vegagerðastofnanirnar og borgirnar Jönköping, Lahti, Stavanger og Reykjavík, sem svöruðu könnuninni, hafa innleitt umhverfisstjórnunarkerfi að einhverju leyti. Þær hafa sett sér umhverfisstefnu og markmið um umbætur í umhverfismálum og halda grænt bókhald.


Meginniðurstaðan var sú að staða umhverfisstjórnunar hjá þeim samgöngustofnunum og borgum sem tóku þátt er að mörgu leyti svipuð. Allir eru að vinna að bættri umhverfisstjórnun. Þó er áherslumunur vegna landfræðilegrar legu, mismunandi loftslags og fleiri þátta.




Réttislaus frá vinstri, Reykjavík, Lahti, Jönköping og Stavanger. Þéttleiki borganna er :Reykjavík 437 íbúar/km², Lahti 758 íbúar/km², Stavanger 1.800 íbúar/km² og Jönköping 1.995 íbúar/km².




Nagladekkjanotkun þeirra borga sem svöruðu spurningum um hana.



Reykjavík, Lahti og Stavanger hafa kortlagt umferðarhávaða og lagt mat á fjölda íbúa á svæðum þar sem hávaði fer yfir mörkin 55 dB(A).



Heilsufarsmörk borganna fyrir köfnunarefnisdíoxíð NO₂ og svifryk (PM₁₀).



Þessar fjórar borgir hafa hafa beitt aðgerðum til að hvetja til „grænni“ ferðamáta íbúanna.



Umhverfisnefnd NVF á ferð á Íslandi í júní 2010.

Skýrslan í heild sinni er á www.vegagerdin.is - upplýsingar og útgáfa – rannsóknarskýrslur – umhverfi.